



# Gömlu verkstæðin

SÝNINGARSKRÁ



## GÖMLU VERKSTÆÐIN

© Byggðasafn Skagfirðinga / Sigríður Sigurðardóttir.

Sími 453 6173, netfang: bsk@skagafjordur.is, www.skagafjordur.is/byggdasafn

Menningarráð Norðurlands vestra styrkti útgáfuna.

Skammstafanir fyrir eigendur mynda: BSk – Byggðasafn Skagfirðinga :: HSk – Héraðsskjalasafn Skagfirðinga ::  
Míc – Michelsensfjölskyldan :: MSA – Minjasafnið á Akureyri :: HSö – Hinir sömu sf.

**Helstu heimildir:** Jón Ormar Ormsson, 2007, Minnisblað; Kristmundur Bjarnason, 1971-1973, Saga Sauðárkróks, I-III; Kristmundur Bjarnason, 1987, 1989, Sýslunefndarsaga Skagfirðinga I-II; Króksbók, 1993; Franch Michelsen, 2001, „Danski úrsmiðurinn sem varð Skagfirðingur. Sagt frá Jørgen Frank Michelsen, úrsmið á Sauðárkróki“ (7-88), Skagfirðingabók 27; Sölvi Sveinsson, 1984. „Vatnsslagur á Sauðárkróki“ (140-166), Skagfirðingabók 13; Valur Ingólfsson 1998; Ingólfur Sveinsson 2004, Valgard Jonsson, 2007.

**Yfirllestur og ábendingar:** Unnar Ingvarsson, Jón Ormar Ormsson og Gísli Þór Ólafsson.

**Mynd á forsíðu og grunnmynd:** Hinir sömu sf. / Óli Arnar.

**Hönnun:** Byggðasafn Skagfirðinga og Nýprent ehf.

**Uppsetning og prentun:** Nýprent ehf.

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

# Gömlu verkstæðin

SÝNINGARSKRÁ



## EFNISYFIRLIT

Sauðárkrókur á 19. öld bls. 4

Sauðárkrókur á 20. öld bls. 5

Úrsmiðurinn bls. 11

Söðlasmiðurinn bls. 13

Trésmiðurinn bls. 16

Járnsmiðurinn bls. 17

Veggklæðningar bls. 19

Bíllinn bls. 19



## Sauðárkrókur á 19. öld

Framan af 19. öld voru verbúðir á mölunum við vestanverðan Skagafjörð, þar sem Sauðáin krækti sér um Flæðarnar á leið til sjávar. Í byrjun árs 1858 fengu kaupmenn leyfi til verslunar við Sauðárkrók. Sunnan við Sauðá, á myndinni, eru torfhús. Það eru gamlar búðir vermannna. Fyrsti íbúinn, sem tók sér fasta búsetu á Króknum, kom þangað árið 1871 og byggði timburhús. Á næstu árum settust fleiri að á mölinni

undir Nöfunum. Árið 1898 bjuggu þar um 550 manns, 130 ófermd börn og á 3. tug iðnaðarmanna. Sauðárkrókur var þá orðinn öflugur verslunarstaður með margþætta þjónustu við íbúa staðarins og fjölmennar byggðir Skagafjarðar. Störf voru einkum tengd verslun, viðskiptum og iðnaði. Mörg hús voru í byggingu samtímis og mikið umleikis. Fram yfir aldamótin 1900 starfaði nærri helmingur vinnufærra karlmannna á

Sauðárkróki við iðn- og þjónustugreinar og fjöldi verkamanna vann hjá fyrirtækjum í þorpinu. Margir byggðu afkomu sína af sjósókn, þótt útgerð hafi ekki verið áberandi atvinnuvegur á Króknum eins og í sumum öðrum íslenskum þorpum á sama tíma.

Þorpið undir Nöfunum þótti vel skipulagt. Götur voru beinar og nokkuð breiðar og hús reist meðfram þeim. Ludvig Popp kaupmaður hafði mest áhrif



*Myndin er tekin 1898 (Hsk).*

á skipulagið. Aðalgatan lá eftir miðju þorpinu, frá verslunarhúsum hans í norðri, til kirkjunnar í suðri sem var byggð 1892.

Fyrstu hús þorpsins voru reist við Lindargötu. Hvíta stóra húsið á myndinni, næst brekkunni til hægri, er Hótel Tindastóll. Það var byggt 1884, meira og minna úr viðum verslunarhúss sem staðið hafði í Grafarósi frá 1835. Húsið sem Árni Einar Arnason, vert og klénsmiður reisti 1871 var nefnt Fyrsta ból. Það er nú horfið en Erlendarhús, sem stendur norðan við Hótel Tindastól, aðeins frammar í götunni, með kvisti, er á sömu lóð. Það var byggt 1874.

Fyrsta verslunarhúsið reis á Króknum 1873. Barnaskóli var settur á fót

1882. Árið 1886 var stofnaður sparisjóður og 1890 var opnað pósthús. Kaupfélag Skagfirðinga hóf starfsemi sína 1889 og setti mikinn svip á byggðina upp frá því. Héraðslæknir settist að á Króknum 1896. Sýslumaður flutti þangað 1890 frá Gili í Borgarsveit. Með sér flutti hann laglega timburstofu þar sem skrifstofa hans hafði verið. Stofa þessi, er í dag kölluð Gilsstofa og hýsir skrifstofur Bygðasafns Skagfirðinga, á safnsvæðinu í Glaumbæ. Stóra hvíta byggingin á myndinni frá 1898, með flaggstönginni, sunnan Kaupvangstorgs, til vinstri við Hótel Tindastól, er hús Kristjáns Gíslasonar kaupmanns. Búið er að byggja við sýslukontórinn, það er Gilsstofuna,

sem orðin er óþekktanleg miðað við upphaflegt útlit. Saga stofunnar er merkileg heimild um nýtingu húsviða, bygginga og timburflutninga á 19. öld.

Menningarstarf var með miklum blóma á Króknum síðasta áratug 19. aldar og klúbbar og félög störfuðu af þrótti. Leikfélag var stofnað 1888. Hið skagfirska kvenfélag var stofnað 1895 og um svipað leyti varð Ræðuklúbbur Sauðárkróks mikilvirkur félagsskapur, þar sem „heldri“ borgarar ræddu aðkallandi mál. Góðtemplarafélag var stofnað 1898. Það reisti Góðtemplarahúsið 1898 (Gúttó) sem var aðal samkomustaður Sauðkrækjunga ásamt Hótel Tindastóli.



## Sauðárkrókur á 20. öld

Sauðkrækingar höfðu ástæðu til bjartsýni þegar ný öld gekk í garð árið 1900. Þorpið óx og dafnaði og var rómað fyrir fjölbreytt verslunar- og menningarlíf.

Nokkrir, sem sett höfðu svip á þróunarsögu Sauðárkróks, héldu á ný mið, þessa heims og annars. Árni vert tók sig upp og flutti til vesturheims. Hið sama gerði Þorsteinn Sigurðsson trésmiður, sem byggt hafði Sauðárkróskirkju og fleiri kirkjur Norðanlands. Ludvig Popp hvíldi í Sauðárkróskirkjugarði og Valgard Claessen kaupmaður, sem var atkvæðamikill framfaramaður á Króknum, um og fyrir aldamótin

1900, var fluttur til Reykjavíkur. Fleiri Sauðkrækingar fóru byggðum og nýir íbúar komu í staðinn, eins og gengur. Þeirra á meðal var ungur danskur úrsmiður, sem fær meiri umfjöllun síðar.

Sjúkrahús reis 1906. Það er svarta húsið á myndinni á næstu síðu, norðan við kirkjuna. Ungmennafélagið Tindastóll var stofnað 1907, og setti þegar mjög mark á samfélagið. Glæsilegur barnaskóli var byggtur 1908 gegnt kirkjunni.

Um 1910 var Sauðárkrókur orðinn stærsti kaupstaður norðanlands og framtíðin björt. Þá gekk í garð nýr tími með tækniframförum, fjölda-

framleiddum innfluttum varningi og breyttum lifnaðarháttum. Breytingin varð Sauðárkróki ekki að öllu leyti hagfelld. Viðskiptakreppa skall á. Verslanir í Skagafirði fóru ekki varhluta af henni. Framleiðendur stóðu andspænis ótrúlegum umskiptum í innflutningi fjöldaframleiddra vara. Smám saman dró úr þeim ofurkrafti sem einkennt hafði Sauðárkrók frá upphafi. Engu að síður var unnið að mörgum framfaramálum, svo sem að bæta vatnsból og leggja vatnslagnir um þorpið. Svo kom rafmagnið sem skapaði margvíslega nýja atvinnumöguleika.



Sauðárkrúkur 12. des. 1907 (Hsk).

Þorpið byggðist upp í landi Sauðár í Sauðárhreppi. Árið 1907 varð það að sérstökum hreppi, Sauðárkrókhreppi. Lengst til hægri er Læknishúsið. Á árbakkanum fyrir norðan það er verið að hlaða upp hús úr steini.

Aðalleiðir suður úr bænum voru Suðurgata, áður Lestargata, Freyjugata, sem fyrst hét Frúarstígur, og Skagfirðingabraut.

*Verið er að ferja hross milli bryggju og skips, þar sem þau voru hifð um bord og flutt á markaði á Englandi og víðar. Á fjörुकambinum eru tvö sláturhús, Kristjáns Gíslasonar, hvítt til vinstri, Kaupfélags Skagfirðinga fyrir miðju. Fyrsta fasta bryggjan var smíðuð 1916 (Hsk).*





*Myndin er tekin 1926 sama ár og félagshemilið Bifröst var fullgert (HSk).*

Árið 1922 var byggt svokallað sýsluhesthús, syðst við Lestargötu. Þaðan lá gata til austurs yfir Sauða á svokölluðum Hesthúspalli, skammt norðan við Faxatorg. Ánni var veitt í nýjan farveg, sunnan þorps, á 6. áratugnum.

Stórveldið Poppverslun hætti starfsemi á vormánuðum 1912. Hörð samkeppni var milli annarra verslana um þá fáu viðskiptavini sem höfðu góð efni á vörukaupum á 2. og 3. áratug 20. aldar.

Þjónustufyrirtækin mundu fífil sinn fegurri. Þau urðu að laga sig að breyttum aðstæðum. Á 3. og 4. áratugnum hurfu flestir íbúar þorpsins frá þjónustu

til frumframleiðslu.

Einn mikilvægasti þáttur í sögu Sauðárkróks var lagning hafnargarðs um 1927 og síðar hafnargerðin út á Eyri 1937, sem gerði Sauðkrækingum kleyft að stunda sjávarútveg af nokkrum krafti og halda í horfinu. Engu að síður stunduðu flestir íbúar Sauðárkróks búskap, héldu skepnur og ræktuðu matjurtargarða til búsilags. Daglaunavinna gaf ekki nóg í vasann til að fæða stóra barnahópa. Krókurinn breyttist í landbúnaðarþorp. Hann hélt þó hlutverki sínu sem megin þjónustumiðstöð fyrir skagfirskar byggðir í vestanverðum firðinum og skákaði

fljótlega þjónustumiðstöðvum Austur-Skagfirðinga á Hofsósi og í Haganesvík. Peningavelta jókst á 4. áratugnum og bjartsýni að sama skapi.

*Brim gerðu oft mikinn óskunda í bænum (Mic).*





Síldarsöltun um 1950 (Mic).



Skagfirðingur Sk 1, skip Útgerðarfélags  
Sauðárkróks (HSK).



Hugað að lambfé um 1970 (Hsk).



Hyrna Michelsens (Mic).

Útgerðarfélag Sauðárkróks var stofnað 1944, og fyrsta skip þess kom árið eftir. Árið 1967 var Útgerðarfélag Skagfirðinga stofnað. Útgerð var stunduð á litlum bátum fram á 8. áratug 20. aldar. Þá færðist sjósókn yfir á færri og stærri báta. Fyrsti skuttogarinn kom 1971. Sauðárkrókur hefur, á seinni árum, skipað sér í hóp mestu útgerðarhafna landsins.

Sauðárkrókur fékk kaupstaðar-  
réttindi 1947. Þá var meirihluti íbúa með

kindur og kýr og ræktaðu grænmeti. Fjöldi búfjár setti mark sitt á Sauðárkrók um árabíl. Árið 2005 var búpeningseign Sauðkrækinga svipur hjá sjón miðað við það sem áður var og aðeins nokkrir tugir fjár á föðrum vetrarlangt. Þá voru öll búpeningshús uppi á Nöfum. Áður voru þau á lóðarmörkum, sambyggð íbúðarhúsunum eða í útjaðri byggðar.

Árið 1946 voru teknir upp um 1000 hestar af mó, og hafði minnkað frá 1939 þegar stungnir voru upp 2528



Myndin er tekin árið 1948. Næst eru búpeningshús. Tveimur árum fyrr áttu Sauðkrækingar 67 kýr, 705 kindur og 242 hross. Þá var búfé mjög farið að fækka miðað við það sem áður var. Hins vegar jókst kartöfluuppskeran jafnt og þétt. Hún var 548 tonnur árið 1946 og 104 tonnur af rófum voru teknar upp. Árin 1938-1939 voru kýrnar 129, kindur 1013, hross 207 og 7 geitur. Árið 1926 uppskárú húsfreyjur á Sauðárkróki 53 tonnur af kartöflum og 3,5 af rófum. Þá voru þar 54 kýr, 617 kindur, 229 hross, 9 geitur, og um 40 hænsn (Hsk).





Unnið við að stinga upp mó, svörð um miðja 20. öld (Mic).



Myndin er tekin norður eftir Suðurgötu um 1940 þegar enn voru moldar- og malarögöturnar í bænum (MSA).



Hjól voru algeng farartæki á Króknum alla 20. öld og nokkrir fluttu inn og seldu hjól. Michelsen úrsmiður, sem rak eigið úrsmiðaverkstæði frá 1909 setti upp hjólaverkstæði um tíma á 3. áratugnum. Ungmennin, á myndinni, hjóla framhjá trégirðingu, þar sem vírnet hefur verið strengt yfir til að verja lóðina fyrir skepnum, sem gengu lausar. Sauðfé og geitur sýndu káli og skrautblómum jafn mikinn áhuga og garðeigendur, en með annan ásetning í huga (MSA).

hestburðir. Svarðartekja skipti miklu máli til að drýgja eldsneytið þegar þrengdi að. Langmest var tekið upp harðindaárið 1918, eða 6523 hestar.


Í leysingum fylltust ræsi, skvompur og skurðir af vatni. Unnið var við hol-ræsi bæjarins á árunum 1942-1944. Frárennslismál voru erfið þar til á 8. áratug 20. aldar, þegar gatnakerfið var endurskoðað og götur malbikaðar. Fyrst Aðalgata 1972, þá Skagfirðingabraut, Hólavegur og aðrar götur í framhaldi af þeim. Um leið var lagnakerfi vatnsveitunnar bætt og skolpleiðslur lagðar og fljótlega var komið á sorphirðu.

Íbúum Sauðárkróks fjölgaði hægt framan af 20. öld. Árið 1946 bjuggu þar 934 manns. Eftir því sem fólki fjölgaði risu ný hús og nýjar götur og hverfi voru skipulögð. Hlíða- og Túnahverfi fóru að byggjast upp sunnan Sauðár eftir 1970. Fólksfjölgun var mikil á 8. áratugnum.


Árið 2007 bjuggu 2600 manns á Sauðárkróki. Megin atvinnuvegir voru útgerð, iðnaður, verslun og þjónusta. Fjölmennustu vinnustaðirnir voru skrifstofur og stofnanir Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Heilbrigðisstofnunin, Steinullar-

verksmiðjan, FISK Seafood og Kaupfélag Skagfirðinga. Í þjónustu- og viðskipta-skrá Skagafjarðar fyrir 2007-2008 voru talin hátt á annað hundrað fyrirtæki og stofnanir sem höfðu skrifstofu eða aðra aðstöðu á Sauðárkróki.

Þann 6. júní 1998 sameinuðust tíu hreppar í Skagafirði og Sauðárkrókur í Sveitarfélagið Skagafjörð. Þar með varð til sveitarfélag með ríflega 4000 íbúa með Sauðárkrók sem megin þéttbýli og þjónustumiðstöð. Aðrir þéttbýlisstaðir eru að Hólum í Hjaltadal, Varmahlíð, Hofsósi og Steinsstöðum í Tungusveit.



Tæki trésmíðsins á verkstæði Ingólfs Nikodemussonar í Minjahúsinu. (HSö)



Járnsmiðatæki og áhöld á verkstæði Jóns Nikodemussonar í Minjahúsinu. (HSö)

Árið 1903 stofnuðu iðnaðarmenn á Króknum félag og framan af öldinni var mikil gróska þeirra á meðal. Starfrækt voru gull- & silfur-, járn-, úr-, söðla-, tré- og skósmíðaverkstæði. Fjöldi iðn- og sjálflærða manna höfðu atvinnu af iðju sinni. Þar má telja beykja, snikkara, steinsmiði, bátasmiði, múrara, eldsmiði, bókbíndara, ljósmyndara, saumakonur, skósmiði og rafvirkja. Á seinni hluta 20. aldar bættust við, vélsmiðir, símvirkjar, klæðskerar, bakarar, málarar, kokkar, húsgagnsmiðir, bifvélavirkjar, rakarar,

bólstrarar, tannsmiðir, kjólameistarar, hárgreiðslumeistarar, ostagerðarmenn, mjólkurfræðingar og fleiri.

Um aldamótin 2000 voru örfá verkstæði orðin eftir og aðeins sagan og gömlu verkstæðin, sem varðveitt eru í Minjahúsinu, til vitnis um það hvernig iðnaðarmenn bjuggu um sig á mótum þeirra tíma er verkstæðin voru vélvædd og áður en verksmiðjur tóku við. Gildi verkstæðanna í Minjahúsinu mun vaxa eftir því sem tímar líða. Þau eru ómetanlegir minnisvarðar um liðna tíð.

Hér eru kynnt verkstæði þriggja iðnaðarmanna, úr-, tré- og járnsmíðs, saga þeirra og helstu munir. Hið fjórða er sett saman úr munum frá nokkrum söðalsmiðum.

Á verkstæðunum, sem komið hefur verið fyrir í Minjahúsinu á Sauðárkróki, er fjöldi tækja sem iðnaðarmenn notuðu á tímabilinu 1909-1989. Verkstæðin eru afar mismunandi þegar horft er til aðstöðu og áhalda.



# Úrsmiðurinn

Úrsmíðaverkstæði Jörgens Franks Michelsens (1882-1954) var starfrækt á Króknum frá 1909-1945. Jörgen Frank var úrsmíðameistari frá Horsense á Jótlandi. Hann lauk úrsmíðanámi árið 1902 og stundaði smíðar í Danmörku áður en

hann flutti til Íslands í ævintýraleit. Hann kom til Sauðárkróks sumarið 1907. Árið 1909 setti hann á fót Úrsmíðaverkstæði J.Fr. Michelsen, sem lengst af var að Aðalgötu 16. Þar var það til 1945. Þá flutti hann það til Reykjavíkur þar sem

það starfar enn. Úrsmíðaverkstæði J.Fr. Michelsen er elsta starfandi fyrirtæki landsins í „úrabransanum“. Verkfærin á sýningunni eru af verkstæði Michelsens, nema annars sé getið.

## Á VERKSTÆÐINU

### Í glugganum:

Tóbaksponta, 1997:136, úr brúnbrís og silfri. Pontan er sögð smíðuð af Jóni Péturssyni frá Nautabúi.

**1 Hnappur**, 1997:86, úr silfri af svuntu.

**Skúfhólkur**, 1997: 90, úr silfri.

**Fingurbjörg**, 1997:91, úr nýsilfri frá Margréti Ólafsdóttur frá Brekkukoti í

Blönduhlíð. Michelsens þurfti oft að tina saman bilaða skartgrip.

**Gleraugu**. Jörgensen flutti inn gleraugu, ásamt ýmsu öðru. Glas undan kamfórudropum.

### Í gluggapóstinum hanga:

Úr, 1997:837, 986 frá Jörgen Franch Michelsen og Pjetri Sighvats sem einnig var úrsmiður á Króknum. Þar hafa starfað nokkrir aðrir úrsmiðir.

**2 Tengur frá 3. áratugnum.**

**3 Úrhús**, 1997:333.

**4 Umbúðir**, 1997:930 utan af vasáuri frá Pjetri Sighvats.

Lengst til vinstri er:

**5 Póleringabekkur**, 1997:832.

Á veggnum móti glugganum eru myndir af þeim hjónum Guðrúnu Pálsdóttur (f.1886) og Jörgen Frank Michelsen (f.1882).

Á borði er Remington ritvél, 1997:550, af sömu tegund og hjólin sem

Michelsen flutti inn og seldi frá 1928.

Ritvélar, eins og fleiri tæki, höfðu gott af að úrsmiðurinn hreinsaði þær.

### Á hillu til vinstri eru á efstu hillu:

Björglar, 1997:462.

Vatnskanna, 1997:464, frá Villa Nova.

Klukkur eru á efstu- og miðhillu.



Aðalgata 16 þar sem verkstæði Jörgens Franks Michelsens var til húsa um tíma (Mic).



Jörgen Frank Michelsen við skrifborð sitt um 1935 (HSk).



Myndin er tekin um 1930. Hér sést Jörgen Frank Michelsen að rykbinda götuna, og virðist ætla að skola salt af símavírnum í leiðinni. Horft er suður Aðalgötu, frá nr. 16 (Hsk).

**Á neðstu hillu eru:**

Peningakassi.  
Verkfærakassi.

Á sérborði er skrauthorn sem bíður þess að skrautverkið verði lagað.

**Á hliðarborði til vinstri eru:**

Hátalari af grammófón, 1997:684.  
Borðlampi og saumavél, 1997:861, sem bíða viðgerðar.

**Á borðinu við gluggann er margt að sjá:**

Aftakari, 1997:836.  
Blökk, 1997:820.  
Bor, 1997: 821.  
Borastandur, 1997:822.  
Bursti, 1997:814.  
Gyllingatöng, 1997:830.  
Hamar, 1997:813.

Ýmis tæki frá Brynjólfi Jónssyni, sem var um tíma úrsmiður á Ísafirði.

Jafnvægisvog, 1997:833.  
Lindarpenni og pússfjalir, 997:815-817.

**6** Rennibekkur.  
Snittbakki, 1997:826.  
Steðji, 1997:828.  
Þjalir, 1997:816, 818.  
Töng, 1997:829.  
Trekkiari, 1997:834.  
Úrhaldari, 1997:835.  
Vasahnífur, 1997:831.  
Verkfærakassi, 1997:824, 827.  
Úrfesti, 1992:22, frá Friðriki Jónssyni.  
Vasaúr, 1997:928, 929.  
Á vindlakassaspjaldi er löð, 1997:823.  
Viðskiptabækur úrsmiðsins.

Úti fyrir verkstæðinu er hjól, 1997:632 sem Michelsen flutti inn. Hann hóf



Læknishúsið árið 1907. Húsið stóð við Suðurgötuna fram á 9. áratug 20. aldar er það var flutt að Skógargötu (Hsk).

Neðri myndin er tekin á 5. áratugnum. Garðurinn við Læknishúsið var orðlagður skráðgarður. Sauðáin rann hjá garði fram um 1960 og skapaði oft mikil vandræði í vetrar- og vorflóðum (Hsk).



innflutning á reiðhjólum árið 1928 og setti á fót verkstæði fyrir reiðhjól, sem Franch sonur hans sá um. Á tímabilinu 1935-1965 voru fleiri

íbúar Sauðárkróks á hjóli heldur en á bíl.



## Á SÖDLASMÍÐAVERKSTÆÐI EGGERTS KRISTJÁNSSONAR

Á SAUÐÁRRÓKI 1916 (Hsk).

JÖRGEN FRANK MICHELSEN ÚRSMÍÐUR ER LENGST TIL VINSTRI, NÆSTUR HONUM ER ÁRNI GUÐMUNDSSON  
FRÁ VÍKUM Á SKAGA OG HELDUR Á HÖFUÐLEÐRI.

EGGERT KRISTJÁNSSON SÖDLASMÍÐUR SITUR VIÐ SAUMAVÉLINA. AFTAN VIÐ HANN SITUR ÖGMUNDUR MAGNÚSSON SÖDLASMÍÐUR.  
HJÁ HONUM STENDUR HALLDÓR ÞORLEIFSSON JÁRNSMÍÐUR. ÞORVALDUR EINARSSON HELDUR Á ULLARKÖMBUM. GUÐMUNDUR  
JÓNSSON LÆRLINGUR, SÍÐAR GARÐYRKJUMAÐUR ER LENGST TIL HÆGRI. KRISTJÁN SONUR EGGERTS KRÝPUR Á GÓLFI.

Í LOFTINU HANGA ALSKINNADÍR, LÉTTIR OG LIPRIR HNAKKAR OG KVENSÖÐLAR. EINNIG KIPPUR AF STANGAMÉLUM.  
EGGERT HEFUR NÝLOKIÐ VIÐ AÐ SAUMA GJÖRÐ. KEMD ULL EÐA HROSSASNOÐ VAR SETT Í DÝNUR  
OG ANNAÐ SEM STOPPAÐ VAR Á REIÐTYGJUNUM.



# Söðlasmiðurinn

Á verkstæði söðlasmiðsins er sýnt flest það sem tengdist flutningi á hestum og reiðmennsku frá 1850-1950. Einnig eru sýndir munir frá hagleiksmönnum

í málmsmíði, trésmíði og leðurgerð. Búnaður á reiðhesta svo sem beisli, söðull, hnakkur og svipa kallast reiðtygi, en talað er um klyfjareiðskap og aktygi þegar hestur

var búinn til vöruflutninga. Söðlasmiði varð iðngrein um og eftir miðja 19. öld. Um það leyti var söðlasmiðin vélvædd og reiðtygin urðu léttari og liprari í notkun.

## Á borði söðlasmiðsins ægir öllu saman:

**Tommustokkur**, 1997:117.  
**Stangir** 1997:201, úr kopar. Frá fyrri hluta 19. aldar.  
**1 Lauf og eyrnaádrættir** af beislum.  
**Fitttöng og skrúfstykki**, 1997:427.  
**Hnakkdýna** stoppuð með ull.  
**Fatabursti**, 1998:55.  
**Hornistöð**, 1997:58, nokkuð algeng.  
**Hringamél**, 305, járn.  
**Hringamél**, 1997:383, járn, óvenjuleg.  
**Hnokkatré** af rokk, 1997:550, úr horni.  
**Hringfari**, 1997:263, frá Naustum.  
**Klappa**, 1991:177.  
**Hringjur**, 1997:696, 967, úr kopar frá Syðra-Vallholti.  
**Ístöð**, 1997:60, úr kopar.  
**Svipa**, 1988:12 frá 20. öld.  
**2 Leggjatöng**, 1997:71, úr beinum stórgripa, til að draga nálar við skinnsaum.  
**Nafar/alur**, 1997:99. Til að gata skinn.  
**Naglbítur**, 1997:262. Ingimundur Bjarnason eldsmiður á Sauðárkróki smíðaði.  
**3 Silfursmiðahamar**, 1997:176.  
**Skæri**, 1997: 346.  
**Skóreimar**, 1998:26.  
**Skrúfjárn**, 1997:279.  
**Nítjándu aldar stangamél**, 1997:864.

Frá Viðimýri.  
**Stangamél**, 1995:55, frá 20. öld.  
**Steðji og steðjajárn**, 1997:247-248.  
**Þjöl**, 1997:41, með hornhaldi.  
**4 Þófahringja**, 1997:698, úr kopar.  
**Tommustokkur**, 1998:29.  
**Trévinkill**, 1997:479.  
**Verkfærakassi**, 1997:617.

## Á vegg til vinstri eru:

**Hnakkur**, 480, frá 1935 af algengustu gerð. Bæði hnépúðar og dýna eru stoppuð með búkhári af hrossum.  
**Kvensöðull**, 1995:11. Þessi gerð var ýmist nefnd klakksöðull eða „enskur söðull“ til aðgreiningar frá gömlu sveifarsöðlunum sem voru klakklansir.  
**5 Þófi**, með hamól og ístöðum 301, frá Merkigili. Þófinn er úr ullarþefu og notaður sem dýna undir gömlu söðlana og hnakkana, sem voru dýnulausir fram undir 1850. Margir riðu á þófanum einum og þótti gott. Var þá kallaður reiðþófi. Þófahringjan er jafnbreið hamólinni annars vegar og í tveimur hlutum hins vegar fyrir gjörð og ístaðsolar. Þófann vann Margrét Ingvarsdóttir Ytri-Mælifellsá fyrir safnið.

**Á vegg og borði á móti:**  
**Aktygi** urðu algeng undir lok

19. aldar. Áður notuðu menn dráttartaugar í stað kjálka á sleða og til að hamla gegn of miklu skriði voru dragbítar (keðjur) og taug á sleðameiðum.  
**Hesta- eða hreindýrabjalla**, 1997:134.  
**Hnakttaska**, 1997:500, af venjulegri gerð. Frá fyrri hluta 20. aldar.  
**Hnakkur** smíðaður af Ögmundi Magnússyni (1879-1968) söðlasmið á Sauðárkróki.  
**Hnapphelda** úr hrosshári með kindarlegg í hneppslu. Notuð til að hefta ferðahross á framfótum til að þau strykju ekki úr náthaga eða ef þurfti að halda þeim í hnapp í áningarstað. Einnig voru hross heft heimavið ef þau voru stygg, svo hægt væri að ná þeim án fyrirhafnar.  
**6 Líkfjalir**, 404. Settar ofan á reiðing, undir líkkistu, þegar kista var reidd um þverbak.  
**Reiðbeisli**, 449, með stímuðum hrosshárstaumum. Algeng gerð frá 19. öld. Frá Sviðningi.  
**Reiðbeisli**, 1997:711, með koparsettum járnstöngum. Smíðað af séra Ólafi Þorvaldssyni í Viðvík 1862-1878.  
**7 Sjóskór**, 1997:256. Reimaðir utan yfir sjóbrókina. Opnir á hæl og tá.  
**Skæði**, í skó 1997:257. Mátulega

breitt.  
**Skautar**, 1997:518. Smíðaðir af Jónasi Jónssyni (1840-1927) frá Hróarsdal.  
**Skór**, 1997:258, úr kýrhúð.  
**Skótré**, 1997:691-692. Notað til að móta skólag.  
**8 Smalaistöð** úr snæri og tréstubbum. Hent yfir gæruskinn til að hvíla í fætur.  
**Söðull** með enska laginu. Eins og hinn, nema þessi er með föstum þófa (dýnu) sem stoppuð er með hrosshári og hálni.  
**Svipa**, 1997:147, 278. Frá 19. öld.  
**Svipa**, 2000:16. Frá Jóhönnu Blöndal.  
**Svipa**, 2000:15. Frá Valgarði Blöndal.  
**9 Undirdekk**, 337. Eins og var í tísku að hafa undir hnökkum um og eftir miðja 19. öld.

## Í glugganum eru:

**Beinnálar**, skónálar, 1997:102, 105, 106.  
**Nál**, 1997:40, með hornhaldi.  
**Skóbein**, skinnnálar, 1997:96, 157, úr beini, sperrileggjum, af afturfótaleggjum stórgripa. Ýmist kallaðar skinnálar eða skóbein og notuð til að gata skinn við sauma og negla (spýta, þenja) skinn til þurrkunar.



Myndin er tekin til norðurs eftir Aðalgötunni um 1950. Til vinstri er hús Ögmundar Magnússonar sem lengi rak söðlasmiðaverkstæði á Króknúm (HSk).

#### Á gólfi:

**Hnakkvirki** úr furu. Á póstkofforti. Virkið smíðaði Benedikt Sigurðsson (f.1865) söðlasmiður á Fjalli. Það er ótálgað, af þeirri gerð sem menn notuðu í gömlu hnakkana.

#### Í glugganum til hægri:

**10 Höglid**, 1997:62, úr hrútshorni. Svokölluð gifthöglid. Talað var um að gifta hagldir er þeim var smeygt saman á þennan hátt.

**Höglid**, 1997:63, 65, 84, úr hvalbeini, tré og horni.

**Kista**, 1997: 523. Frá Gunnþórunni Sveinsdóttur kaupmanni á Sauðárkróki.

**11 Klyfberi**, 1997:228. Frá Þorljótsstöðum af algengustu gerð, með tréklökkum.

**Klyfberi**, 1988:39. Með niðurhlepju, hleypiklökkum. Varningur var

hleypt niður í stað þess að taka hann ofan af klökkunum. Þá var óþarfi að „hlaupa undir bagga“, eins og sagt var, þegar varningur var tekinn ofan. Gísli Páll Sigmundsson bóndi á Ljótsstöðum á Höfðaströnd 1890-1914 mun fyrstur hafa komið fram með nothæfa niðurhlepju. Hann var uppfinningasamur og smíðaði margt merkilegt. Hann kom fyrstur fram með taðkvörn í Skagafirði og plóg með svokölluðu gangspili, sem var hans útfærsla á aktygjum.

**Koffort**. Til að hengja á klakk, stundum kallað sviptikista.

**Reisla**, 1997:193.

**12 Saumahestur** frá Hólum. Á honum var setið þegar leður var saumað.

**Taumbaesli**, 385, brugðið úr ull. Annað er gamalt, hitt er nýlegt frá Margréti Ingvarsdóttur á Mælifellsá.



Á myndinni er horft inn í járnsmíðaverkstæðið, til vinstri, og trésmíðaverkstæðið, til hægri, þar sem þau standa nú hlið við hlið inni í Minjahúsinu. Á trésmíðaverkstæðinu blasir við bandsögin sem Ingólfur Nikodemusson smíðaði 1948 og notaði alla tíð. Veggir verkstæðisins eru forskalaðir, þ.e. múrað er á vírnet sem strengt er á trégrind. Reiðingur, torf, er til einangrunar (BSk).



## Trésmiðurinn

Verkstæði Ingólfs Nikodemussonar (1907-1991) var flutt í Minjahúsið í heilu lagi haustið 2001. Ingólfur var fjölhæfur trésmiður og höfuð líkkistusmiður Skagfirðinga um og eftir miðbik 20. aldar.

Úti fyrir verkstæðinu er hjólið hans, sem hann notaði vel og lengi. Ingólfur Nikodemusson útskrifaðist úr iðnskóla 1937 en hafði stundað smíðar áður um árabil. Hann setti verkstæðið á fót um

1940 og vann við það um hálftrar aldar skeið. Ingólfur var í byggðasafnsnefnd fyrir Skagfirðinga á 7.-8. áratug 20. aldar og formaður í nokkur ár.

Á verkstæði Ingólfs eru allir munir frá honum sjálfum, nema annað sé tekið fram.

**1 Bandsögina** smíðaði Ingólfur 1948

og notaði alla tíð. Hægt er að stilla hana á ýmsan máta og nýta eins og hjólsög, ef svo bar undir.

**2 Borvélín** er frá 1950.

**Eldavélin** (kabyssan) er sennilega

frá aldamótum 1900. Hún var notuð til upphitunar á verkstæðinu í fjóra áratugi. Um hana giltu ákveðnar umgengnisreglur, svo sem að aldrei mátti yfirgefa lifandi eld í vélinni og

alltaf gætti Ingólfur að glóð áður en hann gekk til náða.

Á vélinni eru **steypumót**, 1997:438. Til að steypa kistuskraut.

**3 Hefilbekkurinn** er frá 1940.



*Bandsögin er til vinstri (BSk).*



*Ingólfur Nikodemusson og Valur sonur hans á vakt (HSk).*

*Horft yfir verkstæðið frá bandsöginni, sem er til hægri (HSö).*





**4 Kistuhöldur** úr hampkaðli voru útbúnar á verkstæðinu. Hinar eru keyptar.

**5 Hulsubor.** Frá því um 1950.

**6 Rennibekkur** sem Ingólfur smíðaði 1947. Kjálkar og önnur járn eru úr grind af vörubíl.



Við bandsögina eru tilbúnir gluggar, sennilega kirkjugluggar, sem einhver hefur ekki sótt (HSö).

**7 Blúndujárn,** til að „klippa“ eða höggva mynstur í hvítt léreft, sem kistan var klædd með að innan. Búkkarnir, undir kistunni tilheyra kistusmíðinni.

**Hvít líkkista.** Valur Ingólfsson smíðaði hana, en hann tók við kistu-smíði af föður sínum á 9. áratugnum. Svona litu kisturnar út hjá Ingólfi 1960-1980.

**Skrautkrossar** úr pappa. Voru málaðir gylltir.

**8 Hornskrúfur.** Áður en skreyti fengust keypt voru þau steipt á skrúfuhausinn.

**9 Steypumótin** eru eftir Ingólf. Hann steypiti í þeim skraut úr sagi, pappa, lími og hverju því sem til féll. Skrautið límdi hann á horn, hliðar og lok á kistunum.

**Svörtu líkkistuna** gerði Tryggvi Halldórsson á Þorsteinsstöðum, Svarfaðardal. Hann smíðaði hana árið 1933 fyrir Önnu Sigríði Björnsdóttur á Atlastöðum. Hún taldi sig þá lagsta banaleguna og pantaði kistu. Ekki fór það svo, því hún hjarnaði við, og kistan passaði henni ekki lengur er yfir lauk. Ingólfur fékk kistuna til



Á sumardaginn fyrsta hætti Ingólfur að rífa af dagatalinu. Þá tóku útiverkin við (HSö).

skoðunar. Hann hélt öllu til haga, smáu og stóru, líkkistumálum á fólki sem hann smíðaði fyrir jafnt sem dagatölum, sem hann hætti að rífa af sumardaginn fyrsta, því eftir það varð allt tímalaut. Hann eyddi mestöllu sumrinu útandyra. Útskorna leikfangabyssan á kabyssunni, sem Jón gerði þegar hann var 15 ára.

Refurinn í ljósinu er eftir Val. Þau eru skemmtileg dæmi um smíðisgripi sem fengu fast aðsetur á verkstæðinu. Á hefilbekknum er fótur af hesputré, með tannhjól, sem gegnir hlutverki teljara. Í einni hespu var einn hringur. Við bandsögina eru tilbúnir gluggar, sennilega kirkjugluggar, sem einhver hefur ekki sótt.

## Járnsmiðurinn

Verkstæði Jóns Nikodemussonar (1905-1983) vélvirkjameistara. Jón fékk sveinsbréf 1937. Árið 1946 hlaut hann meistara-réttindi í iðn sinni og í pípulögnum 1956. Frá 1928-1947 sá hann um vélgæslu í frystihúsi Kaupfélags Skagfirðinga. Árið

1946 varð hann vatnsveitustjóri fyrir Sauðárkrók. Um 1950 kom hann sér upp verkstæð að Lindargötu 7, þar sem Fyrsta ból Árna klénsmiðs stóð. Jón var höfuð vélsmiður héraðsins um hálfra aldar skeið, frá 1928 til 1983. Hann lagði

allar pípulagnir á Sauðárkróki og smíðaði jarðbor þann sem notaður var lengi við heitavatnsleit. „Hann var dverghagur smiður og að sama skapi hugvitsamur“ (KB, Saga Skr. Bls.164).

**Úti fyrir verkstæðinu eru:**

**Fallbyssa**, sem Jón smíðaði af gamni sínu 1967. Skotið hefur verið úr henni a.m.k. einu sinni.

**Járnklippur**. Mikið þarfþing.

**Bor og þræll**, sem Jón smíðaði um 1960.

Við verkstæðisdyrnar má sjá hvar Jón hæðamældi fjölskyldumeðlimi og -vini.

**Inni á bekk:**

**1 Mortél** úr messing. Smíði Jóns.

**Lítill gufvél**. Smíði Jóns.

**Rörtöng**. Smíði Jóns. Rörtöngin var sveinsstykkið hans, unnin í eldsmíði



Myndin er af verkstæði Jóns á Lindargötu 7, árið 1997 (BSK).



Verkstæði Jóns eftir að það var flutt inn í Minjahús árið 1997, með útvegg, gluggum og klæðningum.

Á verkstæðinu eru flest þau áhöld sem nauðsynleg töldust við járnsmíðar á þeim tíma sem verkstæðið starfaði. Ýmist keypt eða heimasmiðuð (BSK).

og rennismíði eins og tíðkaðist í þá daga.

**Prímus**, sem Jón „mixaði“ til að hentugra væri að vera með hann á sjó.

**2 Skrufstykki**, bætt að hætti Jóns.

Í vesturglugganum sést viðbygging sem Jón smíðaði við verkstæði sitt fyrir geymslu. Í hillum eru ýmis verkfæri sem hann notaði við iðju sína. Jón byrjaði snemma að smíða. Eitt af því sem hann smíðað ungur var bátur sem hann seldi til að fjármagna nám sitt

**Á gólfinu við norðurdyrnar er:**

**3 Heimasmiðað Smergel.**

**4 Rennibekkur** við norðurvegg, sjá mynd, er eldri en rennibekkur af Harrison gerð við vesturvegginn, sem er sennilega frá 1960.

Við austurvegg er skápur sem Jón fékk hjá Pétri Sighvatz úrsmið. Munnmæli eru um að skápurinn hafi áður verið í elsta pósthúsinu. Í henni geymdi hann skrufur, nagla og aðra smámuni. Þar ofan á er peningaskápur úr Gránu-félagshúsinu sem brann 1912.

**Jón Nikodemusson** var

vatnsveitustjóri um árabíl og sá um að skipuleggja og smíða öll tæki og lagnir sem viðvök vatnsveitunninn. Kalt vatn Sauðárkróksbúa var tekið úr Sauðánni fyrir 1970 og yfirborðsvatn úr henni olli oft tjóni. Vatnsveitan tók til starfa árið 1953 og heitt vatn var þá leitt í hús á Sauðárkróku. Vatnið úr fyrstu borholunni í Áshildarholtsvatni var 55° heitt en eftir að djúpborað var 1965 náðist þar 71° heitt vatn.



Ýmislegt sem gott var að hafa við hendina við smíðarnar. (HSö)



Jón við dælu sem hann útbjó fyrir heita vatns borholu í Áshildarholtstjörn á 6. áratug 20. aldar (HSK).



# Veggklæðningar

Flest elstu húsin í bænum voru byggð úr timbri, en strax á fyrsta tug 20. aldar var farið að byggja steinhús. Útveggir timburhúsa voru, framan af, yfirleitt klæddir með tré og bárujárnri. Um og eftir miðja 20. öld var farið að klæða hús með blikki eða múra á vírnet.

## Á verkstæðunum í Minjahúsinu eru fjórar gerðir veggja:

1. Verkstæði Ingólfs Nikodemussonar er múrhúðað (forskalað). Grind hússins er klædd vírneti og múrað á það. Það er einagrað með reiðingi (torfi) innanfrá.
2. Úrsmíðaverkstæði J.Fr. Michelsen er klætt með blikki.
3. Söðlasmíðaverkstæðið er klætt bárujárnri. Bárujárn í allskonar útfærslum varð allsráðandi í klæðningum timburhúsa um aldamótin 1900. Bárujárníð var eitt af sérkennum íslenskrar byggingarlistar og er enn í dag algengasta þakfni á Íslandi.
4. Verkstæði Jóns Nikodemussonar er steyp. Yfirleitt voru steinsteyp hús múruð að utan og máluð. Svo er ekki hér og því má enn sjá steypuskilin (hjólböruskilin) frá því veggurinn var steypur upp.

Margar fleiri gerðir veggja var að sjá á Króknum á 19. og 20. öld. Nokkrir torfbærir voru byggðir á Króknum á 19. öld, en

langflestir byggðu sér timburhús með standandi listaþili og seinna með liggjandi klæðningu. Nokkur hús voru hlaðin úr steiptum hleðslusteinum og múruð, eins og sementssteypu húsin sem urðu algengust bygginga um og eftir 1920. Um miðja 20. öld voru nokkur hús byggð sem voru múrhúðuð með innlendum stein- eða skeljamulningi. Steiningin þessi var aldrei máluð. Flestallar aðrar húsklæðningar voru málaðar. Á síðustu áratugum 20. aldar var farið að einangra húsin utanfrá og klæða þau með ýms konar efni svo sem áli. Algengasta einangrunarefnið nú er steinull, sem framleidd er í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki.



Reiðmenn með þrjá til reiðar fara mikinn frá sýsluhesthúsinu, út Suðurgötu. Húsið Árbakki hefur verið klætt blikki og málað (Hsk).



Á torginu við verkstæðin, í Minjahúsinu, er Ford A bíll, árgerð 1930, sem Björn Sverrisson gerði upp. Á myndinni er samskonar bíll staddur á Kaupvangstorgi, fyrir framan Hótel Tindastól, um 1935 (Hsk).




## Bíllinn

Fyrstu bílarnir komu á Krókin árið 1926. Eigendur þeirra buðu strax upp á fólks- og vöruflutninga þótt vegagerð þess tíma hentaði bifreiðum ekki vel. Er bifreiðum fjölgaði var farið að huga að slitlagi á götur og leggja bílvegi út úr bænum og út um sveitir. Göturnar voru malbornar og rykbundnar eins og hægt var. Aukin bílaumferð jók óþægindi af ryki, en gaf fleiri tækifæri til atvinnusköpunar og vöruflutninga.

Smám saman hurfu dráttar- og klyfjahestar af götum Sauðárkróks. Bílar tóku við vöru- og fólksflutningum og dráttarvélar við bústörfunum. Það voru mikil umskipti. Í stað hesthúsa risu bílskúrar og í stað eldsmiðja og söðlasmíðaverkstæða komu hjólbarða- og bifreiðaverkstæði.

Hestar héldu hlutverki sínu til útreiða og skemmtunar þótt þeir væru ekki lengur notaðir við búskaparstúss og flutninga. Ræktun góðhesta hefur sett sterkan svip á Krókin um langt árabíl og þangað eiga margir landsþekktir gæðingar ættir að rekja.



## Gömlu verkstæðin

Í Minjahúsinu, Aðalgötu 16b á Sauðárkróki, eru hýst þrjú verkstæði með innbúi og útveggjum. Þetta eru tré-, járn- og úrsmíðaverkstæði sem störfuðu á Sauðárkróki á 20. öld. Fjórða verkstæðið er söðlasmiðaverkstæði sem sett er saman úr munum frá ýmsum söðlasmiðum. Varpað er ljósi á iðnvæðinguna á 20. öld og aðstöðu á verkstæðum iðnaðarmanna á mótunartíma Sauðárkróks, sem var og er megin þjónustumiðstöð Skagafjarðar.

Verkstæðin vitna um þá tíma þegar smíðir vélvæddust og brúa bilið milli tré-, járn- og eldsmíða gamla tímans og verksmíðja nútímans. Þótt kastljósinu sé hvorki beint að verksmíðjuvæðingu seinni tíma, né eldsmíðjum gamla bændasamfélagsins, má vel sjá hvernig gamli tíminn mótaði starfsumhverfi og starfshætti iðnaðarmannanna á meðan á vélvæðingunni stóð og hvernig þeir beittu hugviti sínu við lausn ýmissa verkefna.